

Nd.

## 550. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

### Frá fjárhagsnefnd.

#### 1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzini, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1943 til ársloka 1944. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

#### 2. gr.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að  $\frac{3}{5}$  hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að  $\frac{2}{5}$  til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1944, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til er kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem  $\frac{3}{5}$  hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

#### 3. gr.

1. málsgr. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1944, og innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1943, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Yfirstandandi bifreiðaskattsár skal vera 1. júlí 1943 — 31. marz 1944 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða  $\frac{3}{4}$  af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. júlí 1943 — 30. júní 1944.

### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun fjármálaráðherra, og fylgja því frá honum eftirfarandi athugasemdir.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 87 1941 skal innheimta viðbótarinnflutningsgjald af benzini, 5 aura af hverjum lítra, til ársloka 1943. Í 1. gr. frv. eru ákvæði þessara laga framlengd í eitt ár.

2. gr. frv. er samhljóða 2. gr. laga nr. 87 1941, með breytingum, sem á henni eru gerðar með lögum nr. 36 1943.

Í 3. gr. frumvarpsins er sú efnisbreyting gerð frá eldri lögum, að gjalddagi bifreiðaskatts er færður til 1. apríl ár hvert. Í bréfi tollstjórans í Reykjavík, dags. 8. nóv. 1943, er hljóðar svo, er gerð grein fyrir breytingu þessari:

„Eins og ráðuneytinu er kunnugt, hefur aðalskoðun bifreiða um langt skeið hafizt 1. júlí ár hvert.

Samkv. lögum nr. 84 frá 1932, sbr. lög nr. 34 frá 1933, er bifreiðaskattsárið frá 1. júlí til 30. júní og eindagi skattsins 1. júlí ár hvert eftir á. Hér í Reykjavík og víðar um landið hefur skatturinn verið innheimtur, um leið og aðalskoðunin hefur farið fram. Einnig hefur sú venja myndast að innheimta um leið skoðunargjald skv. 17. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. reglugerð nr. 50 frá 1942 og nú reglugerð frá 25. okt.

1943, svo og iðgjald til Slysatryggingar ríkisins vegna tryggingar ökumanns. Er tilhögun þessi til mjög mikils hagræðis við innheimtu framangreindra gjalda.

Nú hefur Jón Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður tjáð mér, að nauðsynlegt sé, að aðalskoðun bifreiða hefjist framvegis 1. maí ár hvert í stað 1. júlí og að áformað sé, að þessi breyting verði gerð á skoðuninni þegar á næsta vori. Er breyting þessi hefur verið gerð, getur aðalskoðun bifreiða farið fram í upphafi aðalnotkunartíma bifreiðanna í stað þess, að hún fer nú fram, er alllangt er á hann liðið, og virðist hér vera fyrir hendi svo veigamikil ástæða af hálfu bifreiðaeftirlitsins, að eigi sé rétt að standa á móti umræddri breytingu.

Ef breyting þessi kemst á, en gjalddagi framangreindra gjalda héldist óbreyttur, hlyti hins vegar af því að leiða, að samband það, sem verið hefur milli aðalskoðunar bifreiða og innheimtu framangreindra gjalda, væri með öllu rofið, til mjög mikils óhagræðis fyrir innheimtuna. Er því mikil þörf á, að breytt verði bifreiðaskattsárinu og gjalddaga bifreiðaskattsins, þannig að bifreiðaskattsárið verði liðið og eindagi skattsins kominn, er aðalskoðun hefst, eins og verið hefur.

Ef breytt verður ákvæðum bifreiðaskattslaganna um þetta efni, virðast einkum þrjár breytingar geta komið til álita:

1. Að bifreiðaskattsárið verði frá 1. maí til 30. apríl og gjalddagi skattsins 1. maí.
2. Að bifreiðaskattsárið verði frá 1. apríl til 31. marz og gjalddagi skattsins 1. apríl.
3. Að bifreiðaskattsárið verði almanaksárið og gjalddagi skattsins 2. janúar.

Skal nú hvert þessara tilvika athugað nokkuð.

a. Ef horfið yrði að breytingu nr. 1, félli gjalddagi skattsins saman við fyrsta skoðunardag, eins og verið hefur. Bifreiðaskattsárið 1943—44 yrði þá 10 mán. Fylgir þessu sá annmarki, að ársfjórðungaskipti hins nýja bifreiðaskattsárs falla ekki á sömu mánaðamót og hins eldra og ekki saman við fjórðungaskipti almanaksársins.

Skoðunargjald samkvæmt fyrrnefndum reglugerðum er innheimt að nokkru leyti eftir ársfjórðungum, og þyrfti þá að setja sérstök ákvæði um skoðunargjald fyrir aprilmánuð 1944. Í öðru lagi skal á það bent, með tilvísun til ákvæða 4. gr. bifreiðaskattslaganna, að eigi er unnt að reikna bifreiðaskattinn út, fyrr en eftir eru aðeins 15 dagar af skattárinu, og eru 15 dagar nokkuð stuttur frestur til þess að reikna út skattinn, skoðunargjald og slysatryggingargjald og hafa alla reikninga tilbúna, áður en aðalskoðun hefst, þar sem bifreiðar eru orðnar jafnmargar og hér í Reykjavík. Auk þess hafa bifreiðaeigendur engan frest til að greiða skattinn á skrifstofu innheimtumanna, áður en skoðun fer fram, ef að þessari breytingu yrði horfið.

b. Ef horfið yrði að breytingu nr. 2, yrði bifreiðaskattsárið 1943—44 9 mánuðir. Þessi breyting hefur þann kost, að ársfjórðungamót hins gamla og hins nýja bifreiðaskattsárs falla á sömu mánaðamót, og ein ársfjórðungsskiptin falla eins og áður á áramót.

Auk þess hefur þessi tilhögun þann kost, að innheimtan fengi rýmri tíma til útreiknings og undirbúnings en verið hefur og bifreiðaeigendur mánaðarfrest til að greiða skattinn á skrifstofum innheimtumanna, áður en skoðun hefst. Hins vegar er tíminn milli gjalddaga og aðalskoðunar svo stuttur, að drátturinn, sem yrði á innheimtunni, ætti ekki að valda бага.

c. Ef horfið yrði að breytingu nr. 3, yrðu framangreind gjöld innheimt fyrir aðeins hálf ári á næsta ári, þ. e. fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1943.

Þessi breyting hefur þann kost, að framvegis mundi bifreiðaskattsárið verða hið sama og hið almenna gjaldár ríkissjóðstekna og reikningsár ríkissjóðs. Enn fremur mundi hún e. t. v. verða til einhvers léttis í sambandi við endurgreiðslu benzinskatts.

Hins vegar mundi sá annmarki fylgja þessari breytingu, að óeðlilega langur tími liði frá gjalddaga (2. jan.) til aðalinnheimtu skattsins, er hér eftir sem hingað til mundi hefjast um leið og aðalskoðun (1. maí). Gætu og eigendaskipti á bifreiðum á svo löngum fresti valdið nokkrum бага og gjöld jafnvel geta tapast af bifreiðum, er ónýtar yrðu á tímabilinu milli gjalddaga og aðalskoðunar.

Að þessu athuguðu vil ég leyfa mér að leggja til við ráðuneytið, að lögnum um bifreiðaskatt verði breytt svo sem segir í 2. lið hér að framan, en ef ráðuneytinu þykir það annmörkum bundið, þá skv. annarri hvorri þeirra tillagna, sem um ræðir undir 1. og 3. lið að framan.

Auk þess vil ég leyfa mér að leggja til, að inn í bifreiðalögin verði bætt ákvæði um, að eigandi eða umráðamaður bifreiðar skuli við aðalskoðun sýna kvittun lög-reglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) fyrir því, að framangreind gjöld séu greidd, og að neita skuli um skoðun og bifreiðin stöðvuð, ef það er vanrækt.

Æskilegt væri, að Alþingi það, er nú situr, afgreiddi nauðsynlegar breytingar skv. framanrituðu á lögnum um bifreiðaskatt o. fl.“